

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2014

**Efni: Umsögn BSRB vegna tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, þskj. 14-14. mál**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp með fulltrúum allra stjórnmaflokka á Alþingi sem fái það hlutverk að gera þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu út frá endurskoðaðri ríkisfjármálaáætlun. Áætlunin verði lögð fyrir þingið eigi síðar en 1. febrúar nk. og höfð til hliðsjónar við vinnslu fjárlaga á komandi árum.

BSRB hefur ítrekað mótmælt og varað við afleiðingum niðurskurðar í almannaðjónustunni á undanförunum árum og bent á að niðurskurður á almannaðjónustu sé skammtímalausn til að spara fjármuni til fárra ára og leiði til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Öflug almannaðjónusta sé einn af hornsteinum samfélagsins. BSRB styður því gerð áætlunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu eftir niðurskurð síðustu ára enda almannaðjónustan undirstaða samfélagsins.

BSRB telur þó mikilvægt að vinna við gerð áætlunarinnar sé unnin í samvinnu við hagsmunaðila.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri